


Reglur um ferðakostnað í ferðum á vegum BÍS

1. Ávallt skal leitast við að velja sem hagstæðastan ferðamáta og heildarkostnaður hvernar ferðar á að vera innan fyrirfram skilgreindra marka sem BÍS setur. Með ferðakostnaði er átt við hagstæðustu flug-, lestar- og strætóferðir sem og hagstæðar ferðir til og frá flugvelli.
2. Ef ferðalangur framlengir ferð af persónulegum ástæðum er aukakostnaður greiddur af viðkomandi.
3. Ekki eru greiddir dagpeningar skv. viðmiðum ríkisins heldur er kostnaður greiddur skv. innsendum reikningum varðandi fæði, gistingu og ferðakostnað (sjá punkt 1 um ferðakostnað):
 - a. Viðmið fæðiskostnaðar sem greiðist skv. innsendum reikningum: morgunverður USD 10, hádegisverður USD 15, kvöldverður USD 25. Það þarf kvittanir fyrir öllum útgjöldum. Ekki er greitt fyrir annan mat á meðan ráðstefnan stendur yfir ef matur er innifalinn í ráðstefnugjaldi/fundi/ námskeiði.
 - b. Viðmið gistingar sem greiðist skv. innsendum reikningum: Hefðbundið (standard) einstaklingsherbergi á miðlungsgóðum hótelum og gististöðum. Ef þörf krefur vegna dagskrár og tímasetningar á flugi er greitt fyrir nóttina fyrir upphaf viðburðar og nóttina eftir að viðburði lýkur.
4. Ekki er greitt fyrir áfengi né aðrar vörur af minibar hótela, þvottareikninga, afþreyingu né ferðakostnað fyrir maka eða ferðafélaga.
5. Reglur þessar taka þegar gildi.

Gert í Reykjavík 9. apríl 2019



Kristinn Ólafsson
framkvæmdastjóri BÍS

Reglur þessar verða endurskoðaðar á haustmánuðum ár hvert.